

Fréttatilkynning frá matvælaeftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, nr. 07/2014.

Reykjavík, 02.09.2014

2014050001

Efni: Innköllun á tveimur tegundum af skinkusalati; Eðalsalöt og Salathúsið vegna vanmerks ofnæmis- og óþolsvalds (mjólkurafurð - mjólkursykur).

Salathúsið hefur, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, ákveðið að innkalla tvær tegundir af skinkusalati vegna þess að vörurnar innihalda ómerktan ofnæmis- og óþolsvald: mjólkuafurð – mjólkursykur.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vörurnar sem innköllunin einkorðast við:

Vörumerki: Salathúsið.

Vöruheiti: Skinkusalat.

Strikanúmer: 5690587553339

Best fyrir: Allir þökkunardagar (PD) fyrir 01.09.2014

Framleiðandi: Salathúsið, Sundagörðum 10, 104 Reykjavík.

Dreifing: Verslanir um land allt, m.a. verslanir Krónunnar, verslanir Nóatúns, verslanir Kjarvals, verslanir Hagkaupa, verslanir 10-11.

Vörumerki: Eðalsalöt.

Vöruheiti: Skinkusalat.

Strikanúmer: 5690584030057

Best fyrir: Allir þökkunardagar (PD) fyrir 01.09.2014

Framleiðandi: Salathúsið, Sundagörðum 10, 104 Reykjavík.

Dreifing: Verslanir um land allt, m.a. verslanir Krónunnar, verslanir Nóatúns, verslanir Kjarvals, verslanir Hagkaupa, verslanir 10-11.

Tekið skal fram að vörurnar eru skaðlausar þeim sem ekki eru viðkvæmir fyrir mjólkurafurðum. Samkvæmt matvælalöggjöfinni eiga ofnæmis- og óþolsvaldar að vera skýrt merktir í merkingum matvæla.

Þeir neytendur sem eiga umræddar vörur og eru viðkvæmir fyrir mjólkurafurðum, eru beðnir um að hafa samband við Salathúsið í síma 412 1300.

